

Álagning opinberra gjalda og tryggingagjalds á lögaðila 2010

Skattar og gjöld

1. Tekjuskattur

Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, svo sem hlutafélaga og einkahlutafélaga, er 15% af tekjuskattstofni. Tekjuskattur annarra lögaðila, svo sem sameignarfélaga, er 23,5% af tekjuskattstofni. Sameignarfélög, sem og sjálfseignarstofnanir, dánarbú og önnur félög, sjóðir og stofnanir sem tilgreindar eru í 3., 4. og 5. tölul. 2. gr. laga um tekjuskatt, greiða þó 10% tekjuskatt af fengnum arði frá hlutafélögum (15% af arði greiddum eftir 30.6.2009).

2. Skattur á fjármagnstekjur

Sjóðir, félög og stofnanir sem undanþegin eru almennri skattskyldu fá álagðan skatt á fjármagnstekjur. Þeim ber að greiða 10% tekjuskatt af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði af hlutabréfum (15% af slíkum tekjum sem falla til eftir 30.6.2009).

3. Iðnaðarmálagjald

Gjaldið er lagt á iðnað, sem fellur undir þau atvinnugreinanúmer, sem talin eru upp í viðauka við lög nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald.

Gjaldstofninn er velta skv. 11. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga. Iðnaðarmálagjald er 0,08% af gjaldstofni.

4. Búnaðargjald

Gjaldskyldir til búnaðargjalds skv. lögum nr. 84/1997 um búnaðargjald eru virðisaukaskattskyldir búvöruframleiðendur sem falla undir atvinnugreinanúmer 01 (landbúnaður) og 02 (skógrækt) í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSAT 2008), þó ekki af starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64 (þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt), 01.70 (dýraveiðar og tengd þjónusta) og 02.40 (þjónusta tengd skógrækt).

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá gjaldskyldum búvöruframleiðendum, þ.e. virðisaukaskattskyld velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt og velta undanþegin virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga. Þó er tekið tillit til frádráttar vegna endurgreiðslna

endursendra vara, skilyrts afsláttar og tapaðra viðskipta-skulda sbr. ákvæði í 13. gr. sömu laga. Frá þannig skilgreindri veltu skal við ákvörðun búnaðargjaldsstofns draga andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem talið hefur verið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.

Búnaðargjald er 1,2% af gjaldstofni.

5. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur

Fjármagnstekjuskattur er ekki lagður á lögaðila í atvinnurekstri, enda eru fjármagnstekjur hluti af rekstrartekjum og mynda stofn til tekjuskatts, sbr. þó umfjöllun um arðgreiðslur í 2. mgr. 1. kafla hér að framan. Hins vegar er dregin staðgreiðsla af vaxtatekjum og arði lögaðila skv. ákvæðum laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Staðgreiðsla af fjármagnstekjum ársins 2009, sem tilgreind hefur verið á framtali, kemur fram á álagningar- og innheimtuseðli. Hún gengur til greiðslu tekjuskatts eða annarra opinberra gjalda sem lögð eru á rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

6. Útvarpsgjald

Gjaldið er 17.200 kr. á ári og er lagt á þá lögaðila sem skattskyldir eru og bera sjálfstæða skattaðild skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, öðrum en dánarbúum, þrotabúum og þeim lögaðilum sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. sömu laga.

7. Tryggingagjald og gjöld lögð á stofn til tryggingagjalds

Tryggingagjald og önnur gjöld á sama stofn eru í einu gjaldþrepi 5,34% á fyrri hluta ársins 2009, en 7% á síðari hluta ársins. Gjaldskyldir eru allir þeir sem greiða laun.

Innifalín í prósentutölunni hér að framan eru eftirtalin gjöld:

	jan.-júní	júlí-des.
Almennt tryggingagjald	4,54%	4,54%
Atvinnuþryggingagjald	0,65%	2,21%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa v/gjaldþrota	0,10%	0,20%
Markaðsgjald	0,05%	0,05%
Samtals hundraðshluti til álagningar.....	5,34%	7,0%

Viðbót vegna slysatryggingagjalds sjómanna við fiskveiðar	0,65%	0,65%
--	-------	-------

7.1. Gjaldstofn og álagning tryggingagjalds og tengdra gjalda

Framangreind gjöld eru lögð á launagreiðendur og er gjaldstofninn öll greidd laun, reiknað endurgjald, þóknanir, hlunnindi, móttframlag í lífeyrissjóð og aðrar hliðstæðar greiðslur skv. III. kafla laga nr. 113/1990 um tryggingagjald. Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota er lagt á skv. lögum nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa og markaðsgjald skv. lögum nr. 38/2010 um Íslandsstofu.

Tryggingagjald er lagt á skattskylda lögaðila að liðnu staðgreiðsluári skv. skattframtali rekstraraðila RSK 1.04. Þar ber að telja fram öll tryggingagjaldsskyld laun, þóknanir og hlunnindi ársins 2009. Tryggingagjald er lagt á óskattskylda lögaðila að liðnu staðgreiðsluári skv. launaframtali RSK 1.05, eða skattframtali RSK 1.06.

Tryggingagjald er sundurliðað á hvert greiðslutímabil. Einnig kemur sérstaklega fram tryggingagjald, sem ekki er staðgreiðsluskylt, en með gjalddaga 1. nóvember.

7.2. Innheimta tryggingagjalds og tengdra gjalda Staðgreiðsluskylda tryggingagjalds og tengdra gjalda á árinu 2009

Á staðgreiðsluári skal greiða tryggingagjald mánaðarlega. Heimilt var þó á árinu 2009 að skila tryggingagjaldi af gjaldstofni í fyrsta sinn í þeim mánuði, sem stofninn náði kr. 504.000 og síðan mánaðarlega eftir það, ef gjaldstofn hafði til þess tíma verið lægri að meðaltali en kr. 42.000 á mánuði. Af gjaldstofni lægri en kr. 504.000 á árinu mátti hins vegar skila tryggingagjaldi í einu lagi eins og um væri að ræða greiðslu fyrir desember.

Tryggingagjald og tengd gjöld sem ekki eru staðgreiðsluskylt

Sá hluti gjaldstofns tryggingagjalds, sem undanþeginn er staðgreiðslu opinberra gjalda, svo sem einkennisfatnaður, er jafnframt undanþeginn staðgreiðslu tryggingagjalds, og kemur því fyrst til innheimtu í nóvember 2010.

8. Kærufrestur

Frestur til þess að kæra álagningu opinberra gjalda og tryggingagjalds er 30 dagar frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu sé lokið. Auglýsingin er dagsett 28. október 2010 og kærufrestur rennur út 29. nóvember nk. Kæran skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Unnt er að senda kæru rafrænt á þjónustusíðu www.skattur.is.

Greiðslustaða

1. Álögð gjöld

Álögð gjöld (þinggjöld) eru tekjuskattur, búnaðargjald, iðnaðarmálagjald, jöfnunargjald alþjónustu, útvarpsgjald, tryggingagjald og gjöld því tengd. Skattur á fjármagnstekjur er eingöngu lagður á lögaðila sem undanþeginn er

almennri skattlagningu, sbr. það sem nefnt er í 2. mgr. 1. kafla hér að framan um arðgreiðslur.

2. Til frádráttar koma:

- Fyrirframgreiðsla upp í álögð gjöld.
- Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur.
- Inneignarvextir að frádreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.
- Staðgreiðsla tryggingagjalds og tengdra gjalda.

Séu þessir liðir hærrí en álögð gjöld kemur mismunurinn til skuldajöfnunar og/eða endurgreiðslu. Ofgreiðslu er fyrst ráðstafað upp í vangoldið tryggingagjald, síðan önnur ógoldin þinggjöld fyrri ára, að því loknu upp í tekjuskatt og önnur þinggjöld álagningarársins og loks upp í aðrar gjaldfallnar skuldir.

3. Gjalddagar

Gjalddagar opinberra gjalda lögaðila eru 1. dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og október.

Þar til álagning liggur fyrir skal greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er greiða bar næstliðið ár. Gjalddagar fyrirframgreiðslu á árinu 2010 voru átta. Eftirstöðvum gjalda er jafnað á tvo gjalddaga, 1. nóvember og 1. desember. Gjalddagaskipting miðast þó við að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en kr. 2.000 á hverjum gjalddaga. Staðgreiðsluskylt tryggingagjald er gjaldfallið fyrir 1. nóvember. Tryggingagjald utan staðgreiðslu gjaldfellur 1. nóvember.

Vangreiðsla á hluta gjalda veldur því að öll gjöld á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið, þ.e. 15. nóvember.

4. Dráttarvextir og inneignarvextir

Dráttarvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði 114. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Vextir á ofgreitt tryggingagjald eru reiknaðir í samræmi við 2. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

5. Greiðsluseðlar

Greiðsluseðlar verða sendir út vegna gjalddaga 1. nóvember og 1. desember ef fjárhæð á gjalddaga er kr. 1.000 eða hærrí.

6. Nánari upplýsingar

Ríkisskattstjóri veitir nánari upplýsingar um álagningu þinggjalda og tryggingagjalds, en sýslumenn utan Reykjavíkur og tollstjóri um greiðslustöðu, útborgun inneigna og innheimtu skulda. Greiðslustöðu hjá innheimtumanni má einnig sjá á þjónustusíðu framteljanda á www.skattur.is.

Leiðbeiningar í bæklingi þessum skapa hvorki rétt né skyldur umfram ákvæði laga.

Sjá einnig upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is.